




Barbara segir:

„Prófaðu að gera strengjahljóðfæri úr skókassa. Notaðu glas til að teikna hring á lokið sem þú klippir síðan út. Settu lokið á kassann og veldu 4-6 teygjur af mismunandi þykkt. Settu teygjurnar yfir kassann, þá þykkustu næst þér og svo koll af kolli. Settu blýant undir teygjurnar á sitthvorn enda kassans til að lyfta þeim frá lokinu. Prófaðu að plokka strengina eða banka í kassann og biðdu einhvern að búa til spennandi sögu meðan þú spilar.“

Skýringarmynd:



Maxímús Músíkús Lilja Hákonardóttir.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands er stærsta hljómsveit á Íslandi. Sinfóníuhljómsveitin er hljómsveit allra landsmanna sem heldur reglulega tónleika í Hörpu. Hljómsveitin fer stundum í tónleikaferðir út á land og til útlanda. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru hljóðfæraleikarar sem eiga langt hljóðfæranám að baki enda eru þeir allir meistarar hver á sínu sviði.

Heimsæktu vef Sinfóníuhljómsveitarinnar sinfonia.is og skoðaðu hljómsveitarlistann.

BAKHJARLAR

Á DÖFINNI

Litli tónsprotinn - Álfar og riddarar

Laugardaginn 11. maí kl. 14:00

Veiða vind er einstaklega kraftmikið og heillandi færeyskt ævintýri sem byggir á minninu um riddarann Ólaf Liljurós og hetjudáðum hans. Seiðandi danstónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Myndskreytingum er varpað upp á stórt tjald meðan á flutningi ævintýrsins stendur.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Benedikt Erlingsson sögumaður



LITLI TÓNSPROTINN

NÁTTFATAPARTÝ SINFÓNÍUNNAR

9. MARS 2013

NÁTTFATAPARTÝ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. MARS 2013 » 14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Sigurður Flosason saxófónleikari

Wolfgang Amadeus Mozart *Eine kleine Nachtmusik*

Allegro

Veigar Margeirsson

Rætur, konsert fyrir saxófón

Kveðja – Sofðu unga ástin mín

Charles Gounod

Útfararmars fyrir strengjabrúðu

Alexandre Desplat

Harry Potter og dauðadjásnin

Svíta

Þjóðlag

Móðir mín í kví, kví

úts. Haraldur V. Sveinbjörnsson

Ray Parker yngri

Draugabonar

úts. Hrafnkell Orri Egilsson

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikunum stendur.

Ekkert hlé er á tónleikunum og taka þeir um klukkutíma í flutningi.



Þegar **Benni hljómsveitarstjóri** var átta ára var hann í heimavistarskóla með 35 öðrum strákum. Þeir áttu allir þykk náttföt því það var kalt á heimavistinni á nóttunni. Benni segir: „Við strákarnir elskuðum draugasögu, sérstaklega þegar við sátum í myrkrinu við skímu af kertaljósi. Haldreipið mitt var Bangsímón, hann var í miklu uppáhaldi því hann var svo vitur og klár.“

Sigurður var fimm ára þegar hann byrjaði að læra á hljóðfæri. Að eigin sögn gekk honum ekkert voðalega vel fyrr en hann var 12 ára og fann rétta kennarann. Þá fór honum að finnast mjög gaman að spila og hefur svo gaman af því í dag að hann hefur eiginlega ekki áhuga á neinu öðru. Sigurður spilar allskonar tónlist með allskonar fólki og finnst það allt jafn frábært.

Eine kleine Nachtmusik eða *Lítið næturljóð* er eitt af vinsælustu verkum Mozarts enda meistaralega vel samið. Verkið er í fjórum þáttum en fyrsta kaflann, *Allegro*, heyrum við á tónleikunum í dag. *Litla næturljóðið* er serenada eða kvöldlokka en orðið „sereno“ kemur úr ítölsku og þýðir rólegur.

Rætur, konsert eftir Veigar Margeirsson, byggir á íslenskum þjóðlögum og spuna þar sem einleikarinn leikur af fingrum fram. Tónlistin er því bæði gömul og ný og aldrei eins í hvert skipti sem hún er flutt. Lokapáttur konsertsins, *Kveðja*, byggir á þjóðlaginu *Sofðu unga ástin mín*. Ljóðið kemur úr leikritinu um *Fjalla-Eyvind* þar sem Halla, kona Fjalla-Eyvindar, syngur vögguvísuna sem stundum er nefnd *Vögguvísa Höllu*.

Útfararmars fyrir strengjabrúðu eftir Gounod var í miklu uppáhaldi hjá Alfred Hitchcock, meistara hrollvekjunnar. Marsinn er í svokölluðu ABA formi þar sem sama stef heyrir í upphafi og enda verksins en öllu meiri gleði ríkir um miðbik þess. Það skýrist af sögunni sem fylgir verkinu: Strengjabrúða fellur í hólmgöngu - líkfylgdin marserar af stað og hvílir sig um miðja vegu og fær sér hressingu - líkfylgdin heldur göngunni áfram í kirkjugarðinn.

Alexandre Desplat samdi tónlistina við myndina **Harry Potter og dauðadjásnin**. Nokkur lög úr myndinni voru sett saman í svítu sem er röð laga. Eitt laganna, *Lag Lilyar*, er nefnt eftir móður Potters, Lily, og er það ljúf og blíð tónsmíð, eins konar vögguvísa. Önnur lög sem við heyrum eru: *Undirheimar*, *Dreka flóttinn*, *Neville*, *Nýr skólameistari*, *Upprisusteininn*, *Lokauppgjör* og *Nýtt upphaf með lagi Hedwigar*.

Í öllum náttfatapartíum, allavega þeim sem eru ekta, þarf að segja eina draugasögu. **Móðir mín í kví, kví**, saga sem Sigurður ætlar að segja ykkur á hljóðfærið sitt ásamt Sinfóníuhljómsveitinni, er sorgarsaga um móður og barn, vinnukonu á íslenskum bóndabæ sem bar barn sitt út. Stemning verksins er í anda sögunnar, óhugnanleg og dapurleg í senn, þar sem hljóðfærin skapa draugalegt og spennuþrungnið andrúmsloft.

Bandaríska gamanmyndin **Draugabonar** kom út árið 1984. Þar segir frá þremur sérvitrum og yfirskilvitlegum sérfræðingum í New York sem hefja draugabanaþjónustu til að hjálpa fólki við að ráða niðurlögum allskyns óvætta. Titillag myndarinnar, sem við heyrum hér, var gríðarlega vinsælt þar sem setningin „*Who ya gonna call?*“ og svarið við henni „*Ghostbusters!*“ var á allra vörum.

